

# People in Tolerated Stay in Iceland:

A claim for a  
dignified life

Útdráttur



Hér að neðan má finna útdrátt úr skýrslunni "People in Tolerated Stay in Iceland: A claim for a dignified life" eftir Karla Johnson og Jordi Cortés. Í skýrslunni eru kynntar helstu niðurstöður rannsóknar Rauða krossins á Íslandi (RKÍ) á aðstæðum einstaklinga sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi en ekki er hægt að flytja úr landi af einhverjum ástæðum. Við rannsóknina, sem fram fór á síðari hluta ársins 2022, tók RKÍ viðtöl við einstaklinga í framangreindri stöðu en í skýrslunni eru þeir nefndir einstaklingar í umborinni dvöl (e. Tolerated stay).



# Helstu niðurstöður

**Einstaklingar í svokallaðri umborinni dvöl hafa engin lagaleg réttindi hér á landi.** Í sumum tilfellum hafa einstaklingar verið í þessari stöðu í um fimm ár. Þessi staða gerir það að verkum að þeir hafa afar takmörkuð réttindi: eru ekki með kennitölu, hafa ekki aðgang að framhalds- eða háskólanámi, fá takmarkaða heilbrigðisþjónustu og glíma við verulega erfiðleika við að afla sér atvinnuleyfis.

**Flestir þeirra sem eru í umborinni dvöl geta ekki unnið vegna ómöguleika við að verða sér út um atvinnuleyfi.** Allir viðmælendur RKÍ sem voru án atvinnu kváðust vilja vinna. Aftur á móti sé staðan sú að þeim er gert það lagalega ómögulegt þegar vegabréf þeirra eru útrunnin, sem er staðan hjá flestum viðmælendanna.

**Börn viðmælenda RKÍ sem fæðst hafa hér á landi eru með óskilgreint ríkisfang.** Þegar börn fæðast hér á landi eru þau skráð með sama ríkisfang og foreldrar þeirra. Þrátt fyrir það eru börnin ekki viðurkenndir ríkisborgarar í upprunaríkinu og því hvergi skráð. Veldur það því að börnin falla á milli, hafa engin gögn sem staðfesta ríkisfang þeirra eða auðkenni og eru þ.a.l. berskjaldaðri en ella.

**Viðmælendur RKÍ lýstu verulegum áhyggjum og mikilli andlegri og líkamlegri vanlíðan.** Allir viðmælendurnir kváðu aðstæðurnar hafa slæm áhrif á heilsufar sitt. Þær valdi þeim t.a.m. svefnleysi og þunglyndi en sumir kváðust jafnvel glíma við sjálfsvígshugsanir.

**Einstaklingar í umborinni dvöl á Íslandi vilja lifa mannsæmandi lífi.** Kváðust viðmælendur RKÍ vilja stunda nám, vinna, sjá sér og fjölskyldum sínum farborða, hitta fjölskyldumeðlimi sína, og eins og þeir sjálfir orða það, lifa "venjulegu lífi".

---

***"I feel like I am not counted as a human in this country, where are the human rights?"***

---

Í einu af þeim 15 viðtölum sem RKÍ tók við einstaklinga í umborinni dvöl greindi viðmælendi frá framangreindum tilfinningum. Í einhverjum tilvikum hafa viðmælendur dvalið hér réttindalausir í yfir fimm ár. Lifa þeir í hálfgerðu lagalegu tómarúmi, við aðstæður sem gera þeim erfitt fyrir að aðlagast íslensku samfélagi.



# Hvað er umborin dvöl (e. *Tolerated Stay*)?

Umborin dvöl er hugtak sem notast er við í skýrslunni yfir einstaklinga sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd en vegna sértækra aðstæðna geta íslensk stjórnvöld ekki framkvæmt brottflutning þeirra úr landi. Þar af leiðandi mætti segja að dvöl þeirra hér á landi sé "umborin" (e. tolerated). Um er að ræða einstaklinga sem sótt hafa um alþjóðlega vernd hér á landi en fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni á stjórnsýslustigi. Í september 2022 voru einstaklingar í framangreindri stöðu alls 64. Þeir hafa sömu réttindi og fá sömu þjónustu og aðrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, s.s. húsnæði og framfærslu (fæðispeninga + framfærslufé) allt að 10.400 kr. á viku ef um einstakling er að ræða en fæðispeningar skulu þó aldrei vera hærrí en sem nemur 28.000 kr. á viku fyrir hverja fjölskyldu[1].

---

***"We live in a one-bedroom [social housing] apartment, and we are four. It's a bit difficult because we have a big wardrobe on the side. That wardrobe is not enough, not for four. It's just one bed, you know. Especially now that I am pregnant it's tight."***

---

Aftur á móti er hugtakið umborin dvöl ekki lagaleg skilgreining á stöðu þessa hóps hér á landi. Hugtakið er notað til að vísa í hópinn og undirstrika skert réttindi þeirra og takmarkaða möguleika til að breyta stöðu sinni.

## Hverjir eru þetta?

Hópur þeirra einstaklinga sem er hér í umborinni dvöl samanstendur af barnafjölskyldum, konum og körlum, einkum frá Nígeríu og Írak. Komu þau hingað til lands af fjölbreyttum ástæðum og sóttu um alþjóðlega vernd. Í þeim viðtölum sem RKÍ tók við framangreindan hóp greindu margir frá þeirri reynslu sem varð til þess að þau komu hingað til lands. Tveir viðmælendanna voru konur sem kváðust vera fórnarlömb mansals og kynferðisofbeldis en að Ísland væri eina landið sem þeim hafi tekist að finna fyrir öryggi.

---

***"I was a victim of human trafficking. [...] She [the head of the human trafficking scheme] is very connected, I cannot run from her. Anywhere she gets me. I can give her my money or disappear from her life. She is going to make sure she uses me as an example for everyone in that case. So, she keeps calling me. Even in Africa, she would send people to my parents house. She is harassing my people. Because of that, my people even get angry with me. And then I came to Iceland. So that is what brought me to Iceland."***

---

Viðmælendurnir frá Írak, sem allir skilgreindu sig sem Kúrda, kváðust hafa komið hingað til lands á flótta undan ofbeldi. Aftur á móti líktu þeir allir núverandi stöðu sinni þannig að þeir upplifðu sig fasta, þar sem þeir hafi engin tækifæri eða möguleika til að skapa sér framtíð.



---

***“And my problem [in my home country] is serious obviously, if it wasn’t serious, I would not wait for 5 years. 5 years is a very long time, it has been very difficult 5 years, I have wasted my young life and my energy, my energy to work.”***

---

## **Hver eru réttindi einstaklinga í umborinni dvöl?**

Einstaklingar sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd en ekki er hægt að flytja úr landi af einhverjum ástæðum hafa sömu takmörkuðu réttindi og umsækjendur um alþjóðlega vernd. **Þeir eru ekki handhafar dvalarleyfis, hafa takmarkaðan aðgang að heilbrigðisþjónustu og eiga í verulegum erfiðleikum með að afla sér atvinnuleyfis.**

**Án kennitölu** hafa einstaklingar ekki aðgang að ákveðinni grunnþjónustu, svo sem að opna bankareikning[2] eða skrá heimilisfang sitt eða skrá börn sín[3]. **Að fá útgefið bráðabirgðaatvinnuleyfi** er aftur á móti flókið ferli. Fyrst þurfi hópurinn að sækja um tímabundið dvalarleyfi. Til þess að hljóta tímabundið dvalarleyfi má ekki vera vafi á því hver aðilinn er og þurfa þeir því að framvísa gildu frumriti vegabréfs síns. Undanþágur eru frá þessu skilyrði[4], en aftur á móti á hún ekki við hafi umsækjandi fengið endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd og beri honum þá að afla sér skilríkja[5].

Að hafa óútrunnið vegabréf í förum sínum er erfitt fyrir einstaklinga í umborinni dvöl, þar sem oft á tíðum hefur það runnið út við málsmeðferð þeirra hér á landi. Til að umsækjendur geti sannað að ekki liggi neinn vafi á því hverjir þeir eru er óskað eftir frumriti vegabréfs í þeim tilfellum þar sem vegabréfið er ekki nú þegar í vörslu hjá Útlendingastofnun eða lögreglu. Flestir viðmælenda RKÍ eru án vegabréfa eða með útrunnin vegabréf en til að fá útgefin ný vegabréf þurfa þeir að ferðast í næsta sendiráð heimalands síns. Bæði sendiráð Nígeríu og Írak eru staðsett í Svíþjóð. Til að ferðast þangað þurfa umsækjendur að fá sérstakt ferðaleyfi (laissez-passer) frá Útlendingastofnun en slíkt leyfi er einungis veitt þeim sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar[6]. Af framangreindum sökum er einstaklingum í umborinni dvöl gert ómögulegt að fá vegabréf sín endurnýjuð og þannig sækja um bráðabirgðadvalar- og -atvinnuleyfi á meðan á dvöl þeirra stendur hér á landi.

---

***“It really affected me mentally, to be sincere. I am not a lazy person. I like working. Because you don’t have the privilege, you don’t have the kennitala, you cannot work. You cannot get that stuff, you know. Just like you’ve been kept in a dark room.”***

---

Án atvinnuleyfis hafa einstaklingar í umborinni dvöl **takmarkaðan aðgang að heilbrigðisþjónustu**. Í viðtölum við RKÍ greindu viðmælendur frá því hvernig þeim hafi verið sýnað um heilbrigðisþjónustu af þessum sökum.

---

***“I have a kidney stone and the doctor they don’t take surgery because the Immigration they not pay for me. [sic]”***

---



Einungis þrír af þeim 15 einstaklingum sem RKÍ tók viðtöl við voru með bráðabirgðaatvinnuleyfi. Kváðust þeir allir þurfa að endurnýja leyfin á sex mánaða eða 12 mánaða fresti, auk þess sem leyfunum fylgja aðeins tímabundnar kennitölur. Hins vegar veitir slíkt atvinnuleyfi ekki sömu réttindi og þegar fólk er með venjulega kennitölu og eru ýmsar **takmarkanir að þjónustu og öðrum réttindum enn til staðar**. Sem dæmi nefndu þeir greiðslu sjúkratryggingar sem þó nær ekki yfir hvers kyns heilbrigðisþjónustu.

---

***“I pay the insurance and when I go to the hospital, they took three tubes of blood and I pay 130.000 [ISK] and when I call the insurance, they say <<we don't cover this>> so it means that I pay [insurance] for nothing.”***

---

Í samhengi við takmarkanir á réttindum kom mikilvægt atriði upp þegar rætt var við foreldra sem eiga börn sem fæðst hafa á Íslandi, að þessi **börn hafi óviðurkenndan ríkisborgararétt**. Börnin eru skráð undir ríkisfangi foreldra sinna en aftur á móti viðurkenni heimaland foreldranna þau ekki sem ríkisborgara. Þau hafa því ekki kennivottorð eða önnur gögn til þess að sýna fram á auðkenni sitt og búa því við afar viðkvæmar aðstæður. Í viðtölunum lýstu foreldrar mikilli ringulreið, áhyggjum og vonleysi yfir þeirri tilhugsun að geta ekki tryggt börnum sínum betri framtíð.

---

***“I would like to give my kids a better future. And you feel you can't do that.”***

---

## **Alvarlegar afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu**

Fólk í umborinni dvöl býr við mikla **óvissu og upplifir að hafa litla sem enga stjórn á framtíð sinni**. Án atvinnuleyfis hefur það lítið annað við að vera en að vakna og sofna kvölds og morgna en einn viðmælenda RKÍ kvað þá tilfinningu verri en að vera í fangelsi.

---

***“It's worse than jail, because somebody in jail they have one day, they have sentences so maybe after 2-3 years you will be human, a free. But I'm in the social house, but there is no way...I don't know when.”***

---



Þá tjáðu viðmælendur sig um **fjölskyldur sínar í heimalandinu og fjarlægðina við þær**. Kváðust þeir vilja koma fjölskyldum sínum í öruggt skjól á Íslandi en sumir viðmælendanna kváðust hafa misst af æsku barna sinna eða ekki geta kvatt nána ættingja sem látið höfðu lífið.



---

***„This paper, I wrote it <<my daughter she has no... [pause from the translator after getting emotional] my daughter did nothing, why does she have to live without me. I'm here, but she is in another country, and she did nothing wrong>>. When I got here, she was only two years, now she is six years, and she goes to the school and she talks.“***

---

Allir viðmælendurnir lýstu **svfnörðugleikum** vegna streitu og aðstæðna sem virtust engan enda ætla að taka. Þá kváðust þeir hafa einangrast og glíma við þunglyndi. Þrír viðmælendur kváðust jafnframt glíma við sjálfsvígshugsanir.

---

***„I'm not working, they don't accept me. So, this is making me... [Pause] I feel like maybe I want to end my life because if I don't take tablet to sleep I no sleep. See, it's depress medicine [medication for depression], they give me. Without this, I cannot sleep. This for sleep and this for depression. I don't know sleep, so I look myself and think that I want to kill myself.“***

---

Fólk sem fengið hefur lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd en ekki er hægt að þvinga úr landi er gefinn kostur á **sjálfviljugri heimför með aðstoð IOM** (International Organization of Migration). Þegar minnst var á þann möguleika við viðmælendur kváðust þeir hafa **áhyggjur af því sem biði þeirra í heimalandinu** ef þeir myndu snúa þangað aftur.

---

***„If they deport me to Nigeria I will die.“***

---

Af framangreindu er ljóst að þó sjálfviljug heimför með aðstoð IOM sé kynnt sem valkostur fyrir fólk í framangreindri stöðu, er ekki um raunverulegan eða raunhæfan valkost að ræða fyrir það. Greindu þau þá frá því að núverandi aðstæður væru betri en að vera sendur til heimaríkisins þar sem þeirra biði ofbeldi eða jafnvel dauði.

## **Mikil löngun til að lifa mannsæmandi lífi**

Fólk í hinni svokölluðu umbornu dvöl hefur mikla löngun til að lifa „eðlilegu lífi“. Allir viðmælendur RKÍ kváðust vilja leggja sitt af mörkum til samfélagsins, vinna og sjá fyrir sér og sínum, verja tíma með fjölskyldum sínum, kaupa fasteign, stofna fyrirtæki og **lifa mannsæmandi lífi**.

---

***“Yes, I want to stay in Iceland, I want to have my family here, I want to get married here, I want to have kids before I have anything I cannot do none of it. I want to have something legal; I don't want to do something illegal, I want to have my own things. I want to get married and make a family for myself.“***

---



# Niðurstöður og tillögur til úrbóta

Í þessari skýrslu er ljósi varpað á þá einstaklingar sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd en ekki er hægt að flytja úr landi af einhverjum ástæðum búa við ómannúðlegar aðstæður sem RKÍ telur nauðsynlegt að vekja athygli á. Þeir hafa verulega löngun til að lifa mannsæmandi lífi en án viðeigandi lagalegra úrræða eða vitneskju um tilvist þeirra geta þeir ekki sinnt grunnþörfum sínum, auk þess sem velferð þeirra er stofnað í hættu.


Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram til úrbóta:

**Búa þarf til lagaramma sem tekur á aðstæðum umsækjenda sem fengið hafa lokasynjun á umsókn sinni en ekki er hægt að flytja úr landi sem veitir þeim einhvers konar leið að löglegu dvalarleyfi hér á landi, umfram umborna dvöl.**

**Einfalda aðgengi að bráðabirgðadvalarleyfi.** Flestir þeirra sem RKÍ ræddi við hafa dvalið á Íslandi í fjögur ár eða lengur. Samkvæmt 58. gr. útl. er heimilt að veita útlendingi ótímabundið dvalarleyfi hafi hann dvalist hér á landi samfellt síðustu fjögur ár samkvæmt dvalarleyfi sem getur verið grundvöllur ótímabundins dvalarleyfis. Á heimasíðu Útlendingastofnunar er þó sérstaklega tekið fram að bráðabirgðadvalarleyfi sé einungis tímabundið úrræði sem myndar ekki grundvöll fyrir ótímabundnu dvalarleyfi. RKÍ hvetur yfirvöld til að veita fólki í framangreindri stöðu einfaldari aðgang að bráðabirgðadvalarleyfi sem veitir þeim tækifæri til að lifa mannsæmandi lífi hér á landi.

**Einfalda aðgengi að bráðabirgðaatvinnuleyfi.** Samkvæmt 23. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna skulu allir hafa rétt til atvinnu[7]. RKÍ hvetur því til þess að framangreindur hópur fái greiðari aðgang að bráðabirgðaatvinnuleyfum sem myndi gera þeim kleift að verða fjárhagslega sjálfstæð og stuðla að bættem lífsgæðum.

**Skoda sérstaklega aðstæður og ríkisfang barna sem fæðst hafa hér á landi.** Með skýrslunni hvetur RKÍ íslensk yfirvöld, sem er í forystu varðandi réttindi barna og sem ríki sem er aðili samningum Sameinuðu þjóðanna, annars vegar um stöðu ríkisfangslausra frá árinu 1954 og samningi um að draga úr fjölda ríkisfangslausra frá árinu 1961[8], til að leggja mat á lagalegan rétt barna sem fæðst hafa hér á landi.





# Bibliography

[1] Reglugerðasafn, Dómsmálaráðuneyti: Reglugerð um útlendinga nr. 540/2017:  
<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/innanrikisraduneyti/nr/20605>

[2] Þjóðskrá, 2022. Þjóðskrá. [Online]  
Available at: <https://www.skra.is/gogn/adgangur-ad-gognum/thjodskra/> [accessed 2.1.2023].

[3] MCC, 2022. Fjölmeningarsetur Multicultural Information Centre. [Online]  
Available at: <https://www.mcc.is/im-from-eea-efta/id-number/> [accessed 2.1.2023].

[4] Ministry of Justice: Foreign Nationals Act 2016 no. 80, English version, Revisions Oct. 2021:  
[https://www.government.is/library/04-Legislation/Foreign\\_Nationals\\_Act.pdf](https://www.government.is/library/04-Legislation/Foreign_Nationals_Act.pdf)

[5] UTL, 2022. Bráðabirgðadvalarleyfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. [Online]  
Available at: <https://island.is/bradabirgda-dvalar-atvinnuleyfi> [accessed 2.1.2023].

[6] Upplýsingar frá Útlendingastofnun eftir beiðni frá Rauða krossinum

[7] UN, 1948. Universal Declaration of Human Rights, Paris: United Nations.

[8] UNHCR, 2021. UNHCR welcomes Iceland's decision to join global efforts to end statelessness. [Online]  
Available at: <https://www.unhcr.org/news/press/2021/1/6013f76f4/unhcr-welcomesicelands-decision-join-global-efforts-end-statelessness.html> [accessed 2.1.2023].

